

Samningur um landsvæði til akstursíþróttá

Motocrossbraut á Tungumelum

Bæjarráð hefur heimilað bæjarstjóra að ganga frá samningi við MotoMos um afnot af landsvæði til akstursíþróttá. Samningurinn er til fimm ára og verður skýpulag svæðisins unnið í samstarfi við Mosfellsbæ, sérstaklega útfærsluatriði er varða hljóðvist, útlit, aðkomu o.fl.

Útrýma ólöglegum akstri

Í staðinn fyrir afnot landssvæðisins mun MotoMos standa fyrir öflugum fræðslu- og kynningarsamstarfi um akstur mótórhjóla. Sérstaklega verði öflug kynning um að allur akstur mótórhjóla sé bannaður á göngu- og reiðstígum sveitarfélagsins.

MotoMos mun vinna að því, í samstarfi við Mosfellsbæ, að sporna gegn utanvegaakstri mótórhjóla og sömuleiðis akstri innanbæjar á torfæruskráðum hjólum.

MotoMos mun setja reglur sem banna akstur á vélhjólum, með torfæruskráningu, til og frá akstursvæðinu. Öll vélhjul með torfæruskráningu skulu flutt til og frá aksturssvæðinu á flutningstækjum.

Ört vaxandi íþróttagrein


„Það er mjög ánægjulegt að búið sé að finna svæði fyrir þessa ört vaxandi íþróttagrein hér í bæjarfélaginu og hún fái tækifæri til að vaxa og dafna. Að mínu mati er það einnig afar mikilvægt að samningurinn er rammi utan um þessa íþróttagrein hér í bæjarfélaginu.“ segir Haraldur Sværissón bæjarstjóri.

„Það hefur borið á því að akstur mótórhjóla sé stundaður þar sem hann á alls ekki heima svo sem á göngu-, hjóla- og reiðstígum. Með



Í MotoMos eru nokkrir af fremstu motocross íðkendum landsins.

STAÐSETNING



þessum samningi skuldbindur MotoMos sig til að stemma stigu við þessu. Það er mikill fengur fyrir bæjarbúa.“ segir Haraldur.

Staðsetningin frábær

Mosfellingur náði tali af Elíasi Péturssyni, stjórnarmanni MotoMos. „Þetta hefur gríðarlega þýðingu fyrir okkur. Við höfum barist fyrir þessu alveg frá því við stofnuðum MotoMos árið 2000. Það er ansi erfiðt að reka félag án aðstöðu en hún er grundvöllur fyrir því að svona félag geti starfað. Við vonumst til að geta tekið í gagnid fyrstu brautirnar í vor, hönnunin er hafin en að henni koma okkar helstu íþróttamenn úr félaginu. Í MotoMos eru ríflega 100 félagar en hjólaeign bæjarbúa telur yfir 500 hjól. Um leið og menn hafa aðstöðu hafa menn enga afsökun fyrir til þess að stunda ólöglegan akstur.

Þannig að við mótórhjólamenn erum bara í skjúnunum með þetta, staðsetningin er frábær enda höfum við lengi horft til þessa landsvæðis. Þarna kemur til með rísa eitt flottasta brautarstæði á landinu.“

